

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. mars 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.17.50.

Mætt: Hrafnkell Marinósson (Teams), Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson (Teams), Aðalbjörg Óladóttir og Arnfríður Kristín Arnardóttir. Forföll: Ragnar Hilmarsson og Magnús Gunnarsson.

### Dagskrá:

#### 1. Fundur með ÍSÍ og starfsreglur á mati þjálfaramenntunar í umsóknum styrktarsjóðs fyrir yngri en 18 ára

Framkvæmdastjóri ÍBH fundaði með starfsmanni ÍSÍ um þjálfaramenntun hjá íþróttasamtökum, þ.e. þjálfari 1 – 3 samtals 360 kennslustundir, u.þ.b. 120 tímar hvert stig, almennur- og sérgreinahluti. Er fyrirkomulagið sambærilegt við aðra alþjóðlega menntun hjá íþróttasamtökum. Starfsreglur á mati þjálfaramenntunar hjá ÍBH eru settar upp í samræmi við þetta fyrirkomulag. ÍBH spurði sérstaklega um KSÍ UEFA Pro menntun og var svar starfsmanns ÍSÍ að það væri metið sem hluti af þjálfara 3. Umræður urðu um málið og ákveðið að fá annan fund með ÍSÍ um málið. Út frá niðurstöðum þess fundar yrði síðan tekin ákvörðun um það hvort skipa ætti nefnd til frekari breytinga á starfsreglum á mati þjálfaramenntunar hjá ÍBH.

#### 2. Tímaúthlutunarreglur ÍBH, endurskoðun

Umræður um reglurnar og næstu íþróttamannvirki sem yrðu tekin í notkun. Stjórn ÍBH samþykkti reglurnar óbreyttar, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um næstu íþróttamannvirki sem verða tekin í notkun í sveitarfélaginu.

#### 3. Tímaúthlutunarnefnd ÍBH 2024 – 2025

Farið yfir það hvaða félög þurfa að hafa aðkomu að tímaúthlutunarnefnd ÍBH. Samþykkt að eftirtalin félög hafi rétt á því að tilnefna fulltrúa í tímaúthlutunarnefnd ÍBH 2024 – 2025, Fimleikafélagið Björk, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagið Haukar, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Bogfímifélagið Hrói Höttur og Blakfélag Hafnarfjarðar. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við félögin.

#### 4. Afrekssjóður ÍBH

Farið var yfir fund stjórnar Afrekssjóðs ÍBH þann 22. febrúar sl. Greiddir styrkir árið 2023 voru 279 styrkir, ferðastyrkir kr. 11.390.000 og afrekssstyrkir kr. 8.715.000, samtals kr. 20.105.000. Samþykkt að greiða Ólympíuförum / Paralympicsförum fyrir París 2024 kr. 1.000.000 í styrk úr sjóðnum þegar þátttökuréttur hefur verið staðfestur.

Breyting á reglugerð Afrekssjóðs ÍBH sem tók gildi fyrir ferðir sem eru farnar frá 1. mars 2024. Breytingin er hækkun á ferðastyrk einstaklingur með félagsliði úr kr. 40.000 í kr. 45.000 og ferðastyrk einstaklingur með landsliði úr kr. 50.000 í kr. 55.000.

**5. Svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar**

Póstur frá 29. febrúar sl. frá framkvæmdastjóra ÍSÍ um stöðuna á verkefninu, lagður fram til kynningar og umræðna.

**6. Nýr formaður knattspyrnudeildar Hauka**

Á aðalfundi knattspyrnudeildar Hauka þann 7. febrúar sl. var kjörinn nýr formaður Brynjar Viggósson. Íþróttabandalagið í Hafnarfirði býður hann velkominn til starfa.

**7. Þríprautarþing 6. apríl 2024**

Lagt fram til kynningar, verður haldið í Reykjavík í Íþróttamiðstöð ÍSÍ.

**8. Notkun á skammstöfuninni BFH**

Brettafélag Hafnarfjarðar sem er eldra félag en Blakfélag Hafnarfjarðar, hefur skammstöfunina BFH skráða hjá Hugverkastofu. Blakfélag Hafnarfjarðar notar þessa skammstöfun áfram þrátt fyrir tilkynningar um að annað félag eigi hana. Póstur sendur frá ÍBH á Blaksamband Íslands, Blakfélag Hafnarfjarðar og á Brettafélag Hafnarfjarðar 1. mars sl. vegna bikarkeppni í blaki í febrúar sl. þar sem Blakfélag Hafnarfjarðar notaði skammstöfunina BFH í sjónvarpsútsendingu. Blakfélag Hafnarfjarðar var beðið um að breyta skammstöfun sinni. Félagið er hvatt til að breyta skammstöfun sinni í síðasta lagi á næsta aðalfundi félagsins.

**9. Önnur mál**

a). AÓ minnti á fund Barna- og fjölskyldustofu þriðjudaginn 12. mars nk. kl. 17.00 – 18.00 í Kaplakrika um farsæld barna.

b). AKA greindi fundarmönnum frá stöðu mála varðandi Brettafélag Hafnarfjarðar og húsnaðið að Selhelli 7.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.